



## Lækkun á hlutabréfamörkuðum í febrúar


Töluverðar lækkanir urðu á hlutabréfamörkuðum hér á landi eins og víða annars staðar í febrúar og skýrast þær lækkanir að miklu leyti af innrás Rússa í Úkraínu. Markaðir lækkuðu verulega strax sama dag og innrásin var gerð og héldu víða áfram að lækka það sem eftir lifði mánaðarins. Íslenski markaðurinn hafði hækkað um 1% í febrúarmánuði fram að árásinni en lækkaði síðan um 3,7% síðustu daga mánaðarins.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í Kauphöllinni hækkaði Origo mest í febrúar, eða um 17,7%. Næstmest hækkaði Eik fasteignafélag, um 7,8%, og þriðja mesta hækkunin var hjá Brim, 5,3%. Þar á eftir komu Reginn (3,7%), Hagar (3,6%) og Íslandsbanki (2,9%). Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, lækkaði mest, eða um 11,4%. Iceland Seafood lækkaði næstmest, eða 6,4%, en þar á eftir kom Síldarvinnslan með 6,2% lækkun. Úkraína hefur verið eitt mikilvægasta viðskiptaland Síldarvinnslunnar síðustu ár og kemur innrásin því illa við fyrirtækið. Alls lækkaði verð 9 félaga en 9 félög hækkuðu. Tvö stóðu í stað en það voru Eimskip og Arion banki.


### Origo hækkaði mest síðustu 12 mánuði

Sé horft á 12 mánaða ávöxtun einstakra félaga hefur Eimskip tapað efsta sætinu í hendur Origo en 12 mánaða ávöxtun þess síðarnefnda nemur 91%. Ávöxtun Eimskips er 70,6%. Í þriðja sæti kemur svo Reginn með 55,8%. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, hefur lækkað mest í verði síðustu 12 mánuði, um 19,3%. Eitt annað félag, Iceland Seafood, hefur einnig lækkað í verði en lækkunin nemur 1%. Minnsta hækkunin er hjá Sjóvá-Almennum, eða 11,7%. Næstminnsta hækkunin er hjá Íslandsbanka en það skýrist að hluta til af því að félagið var skráð á markað í júlí á síðasta ári og á því ekki 12 mánaða sögu. Hækkunin hjá Íslandsbanka nemur 16,9%.

### Ávöxtun hlutabréfa í febrúar



### 12 mánaða ávöxtun hlutabréfa





## Íslenski markaðurinn lækkaði um 2,7% í febrúar


Íslenski markaðurinn lækkaði um 2,7% í febrúar samkvæmt heildarvísitölu OMX.<sup>1</sup> Lækkun var á flestum hlutabréfamörkuðum helstu viðskiptalanda Íslands. Mest var lækkunin hjá nágrannaþjóð Rússa, Finnlandi, eða 7,9%. Þar á eftir kom næsta nágrannaríki, Svíþjóð, með 6,8% lækkun. Frakkland kom síðan næst með 4,6% lækkun og Þýskaland þar á eftir með 4,1% lækkun. Hlutabréfaverð á þremur mörkuðum hækkaði en markaðurinn í Noregi hækkaði um 3,6%, markaðurinn í Kína um 3% og markaðurinn í Kanada um 0,1%. Markaðurinn í Danmörku stóð í stað.

## Misjafnt hvernig markaðir þróuðust fyrir og eftir innrás

Töluverður munur er á viðbrögðum einstakra markaða við innrásinni. Um leið og innrásin hófst varð almenn lækkun en síðan hafa sumir markaðir hækkað meðan aðrir hafa lækkað. Hér á landi hafði markaðurinn hækkað um 1% í febrúar fram að innrás en lækkaði síðan um 3,7% það sem eftir lifði mánaðarins. Margir markaðir höfðu lækkað í febrúar áður en innrásin var gerð og héldu síðan áfram að lækka út mánuðinn. Þetta eru lönd eins og Finnland, Svíþjóð, Frakkland, Bretland og Þýskaland. Sumir markaðir lækkuðu fram að innrás en hafa síðan hækkað eftir hana. Þetta eru Bandaríkin, Japan, Danmörk og Kanada. Þróunin í Danmörku er athyglisverð því að þar hafði markaðurinn lækkað um 4,6% fram að innrás en hækkaði síðan um 4,9% það sem eftir lifði mánaðar. Markaðurinn í Kína og Noregi hækkaði bæði fyrir og eftir innrás.


Kauphöllin í Rússlandi hefur verið lokuð frá upphafi innrásarinnar. Fram að henni hafði verið lækkað um 14,5% í febrúar.

Ávöxtun hlutabréfamarkaða í febrúar



Heimild: Macrobond

Ávöxtun hlutabréfamarkaða í febrúar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond

<sup>1</sup> Iceland All-share Total Return (OMXGI)



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.